

Miðvikudaginn 4. mars 1998.

Nr. 96/1998.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

Stefáni Ingólfssyni

(Jóhann Halldórsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 26. mars nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 1998.

Ár 1998, föstudag 27. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Stefáni Ingólfssyni, kt. 231165-4959, Hagamel 19, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. mars nk. kl. 16.

Með ákæru, út gefinni 17. febrúar sl., höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur ofangreindum Stefáni fyrir að hafa laugardaginn 6. desember sl. haldið þroskaheftri konu á þrítugsaldri nauðugri á heimili sínu í u. þ. b. 19 klukku-

stundir með því m. a. að handjárnna hana á höndum og fótum og binda hana við ofn með jólaljósaseríu og hafa við hana kynferðismök gegn vilja hennar, enn fremur að hafa bitið hana víðs vegar um líkamann, barið hana fast með hundaól, ógnað henni með því að setja hníf að hjartastað hennar og loks að hafa sett þvottaklemmur á geirvörtur hennar og skapabarma og brennt hana með logandi vindlingi á kvið með þeim afleiðingum, að konan hlaut mikla líkamlega áverka, m. a. för og bólgur eftir bit á baki, upphandleggjum, höndum og maga, áverka á úlnliðum eftir handjárn, mar og bólgningar punktblæðingar á baki, sitjanda og aftanverðum lærum eftir högg með belti og brunasár á neðanverðum kvið eftir vindlingaglöd. Er þessi háttsemi ákærða talin varða við 194. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 og 226. gr. sömu laga.

Ákærði hefur frá 7. desember sl. sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. þ. m. Við þingfestingu neitaði ákærði sakargiftum og kannaðist ekki við að hafa gerst sekur um þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Ákveðið var, að aðalmeðferð málsins yrði miðvikudaginn 11. mars nk.

Rannsóknargögn málsins benda til þess, að sterkur grunur sé uppi um, að ákærði hafi gerst brotlegur við þær lagagreinar, sem í ákæru greinir, en við 194. gr., sbr. 2. mgr. laga nr. 40/1992, liggur allt að sextán ára fangelsi. Í ljósi þess, hve hér er um alvarlegt sakarefni að tefla, telur dómurinn skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til að verða við kröfu ríkissaksóknara. Verður hún tekin til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Stefán Ingólfsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 í dag, allt til fimmtudags 26. mars nk. kl. 16.